

Lýðræðið og farskólar þess.

Skoðanafrelsið.

Eitt af grundvallaratriðum Guðspekifélagsins er skoðanafrelsið. Engin skilyrði eru sett um trú eða trúarbrögð. Þeir, sem gerast félagar, geta talist til hvers konar trúarbragða sem þeim þóknast eða engra. Þeir geta talist hvers konar stjórnmalaskoðunum, sem þeir vilja eða engra. Þar er fyrirskipað og verndað algert skoðanafrelsi, og það er í raun og veru ógerlegt að reka slíkan félagsskap sem Guðspekifélagið, sem eingöngu er náms- og fræðifélag, nema með því móti að algert skoðana- og hugsanafrelsi sé viðurkennt grundvallaratriði starfseminnar. Afleiðing af því er sú, að hver félagsmaður ber einn ábyrgð á skoðunum sínum á öllum þeim viðfangsefnum, sem hann fæst við og ritar um. Í því efni er félagið sem slíkt ævinlega ábyrgðarlaust. Það er því auðsætt, að umræður og rannsókn allra þeirra viðfangsefna, sem uppi kunna að vera á hverjum tíma, er leyfileg og sjálfsögð. Menn getur greint á um allt milli himins og jarðar. Annar getur trúað því, sem honum þykir trúlegast, en hinn getur neitað því. En báðir hafa eigi að síður sama félagsréttinn og rétt til þess að flytja skoðanir sínar. En það er talið jafnsjálfsagt, að þeir flytji þær áróðurslaust og með þeirri kurteisi og virðingu, sem þeim ber að sýna, sem eru í alvöru að leita sannleikans. Það er því engum efa undirorpið, að eigi menn að njóta verulegs gagns af viðræðum, skýringum og alhliða athugunum þeirra viðfangsefna, sem fyrir liggja, þá verða allar hliðar þeirra að koma til greina og skýrast frá öllum sjónarmiðum.

En Guðspekifélagið er, sem betur fer, enginn sérréttindahafi að hinu persónulega skoðanafrelsi, þó að það leggi jafnsterka áherslu á það og raun ber vitni um. Það er jafnmikilsvert fyrir alla viðleitni manna undir öllum kringumstæðum. Það er skilyrði fyrir tilverurétti sérhvers þess þjóðfélags, sem ætlar sér að eflast og þróast og leggja sinn mikilsverða skerf til heimsmenningarinnar. Skoðanafrelsið er frumskilyrði og grundvöllur undir allri þróun, bæði einstaklinga og þjóða. Skoðana- og hugsanafrelsið er meginstoðin, sem sérhver sönn menning verður að byggjast á.

Með þetta frumskilyrði í huga skulum vér nú halda lengra áleiðis í athugunum vorum og reyna að gera oss grein fyrir þeim meginþáttum nútíðarþegnfélags, sem nauðsynlegir teljast að vorum dómi til þess að halda og viðhalda nútíðar- og framtíðar lýðræðisríki.

Forskólar.

Með forskólum í þessu sambandi á ég við alls konar félög og félagasambönd og samsteypur, sem starfræktar eru í hverju síðuðu þjóðfélagi og sem í lýðræðisríkjunum njóta meiri og minni lagaverndar og eru leyfð í stjórnarlögum þeirra.

Áður en lengra er haldið, er rétt að taka það fram, að þær greinar mannglegrar starfsemi, sem við nefnum heimili og heimilislíf, geta eigi nema að litlu leyti talist til þessa verkefnis, jafnvel þó að þessi merka þjóðfélagsstofnun - heimilið - sé með réttu talið grundvöllur sérhvers þjóðfélags.

Samkvæmislífið er nátengt heimilinu og heimilislífinu og getur eigi heldur talist til þeirra greina þjóðfélagsstarfseminnar, sem nefna mætti forskóla lýðræðisins.

Þessar greinar þjóðfélagsstarfseminnar hafa eigi með höndum þau störf, sem nauðsynleg teljast í þessu sambandi. Munu menn sannfærast um það, er þeir athuga skýringar þær, sem gerðar verða í eftirfarandi greinarkorni.

Skólarnir geta út af fyrir sig eigi heldur veitt þá aðstoð, sem nauðsynleg er í þessu efni. Þó geta nemendafélög og málfunda, sem rekin eru í sambandi við skólana, verið veruleg aðstoð og lagt mikilsverðan skerf til þeirrar starfsemi, sem veitir mönnum ákveðinn undirbúning og gerir þá nothæfa til þess að verða sæmilegir stjórnáamenn og þátttakendur í opinberu starfslífi.

Félög þau, sem koma til athugunar í þessu sambandi, eru í höfuðatriðunum þrenns konar, sem sé stjórnáamafélög og samvinna í opinberum málum, líknarfélög ýmiss konar, iðnfélög og stéttafélagasamsteypur og reglur svo nefndar. Frá sjónarmiði stjórnáamennningar má segja, að félögin séu í rauninni ekki nema tvenns konar, sem sé öll almenn félög og reglur.

Almennu félögin eru venjulega þannig skipuð, að þau kjósa sér þriggja eða fimm manna stjórn og eru fundarhöldin þannig, að stjórnin situr í forsæti og stýrir formaður fundi eða kjörinn fundarstjóri í hvert sinn. Einn stjórnarmaður annast skráningu alls þess, sem gerist, og einn er gjaldkeri eða féhirðir og annast innheimtu allra tekna og greiðir gjöld öll. Almennum fundarsköpum er fylgt um meðferð mála, bæði hvað umræður snertir og tillögur um afgreiðslu þeirra. Menn verða að fylgja venjulegum og sjálfsögðum fundarreglum og iðka kurteisi í umræðum og framkomu og annast fundarstjóri að alls þessa sé gætt.

Í þessu öllu er innifalinn mikill og markverður skóli í meðferð, þátttöku og afgreiðslu mála. Menn læra þá list, sem svo mjög hefur til síðustu tíma verið lítið þekkt, sem sé að tala í heyranda hljóði og láta í ljós skoðanir sínar á ákveðinn og skipulegan hátt. Menn læra að iðka kappræður og glæða mælskuhæfileikann. En hugsanahæfileikinn er að sjálfsögðu mjög taminn undir þessum kringumstæðum og í kappræðum eru menn knúðir til þess að hugsa bæði fljótt og rökrétt.

Með fundarstjórninni fá menn mikilsverða æfingu í því að meðhöndla menn og málefni sem óvilhallir menn og að bera málefnið upp til úrlausnar á þann hátt, að sú heildarskoðun fái að njóta sín, sem liggur til grundvallar fyrir þeim og að sjá um, að vilji meirihlutans komi skýrt og greinilega í ljós.

Þessar greinar félagastarfsins, sem ég nú hef nefnt, eru sérstaklega mikilsverður undirbúningur undir allan rekstur þjóðmála og þjóðarstarfsemi í öllum greinum.

Með þátttöku sinni í félögum fá menn því ágætt tækifæri til þess að athuga og kynna sér málin, sem fyrir liggja, og fá á þann hátt nauðsynlega æfingu í því að kynna sér og grannskoða opinber mál og málefni, og þessi æfing kemur þeim að ómetanlegu gagni, þegar þeir þurfa að fást við opinber störf, annað hvort í sveitarstjórnnum, bæjarstjórnnum eða á löggjafarþingi.

Þegar Góðtemplarareglan hafði starfað hér á landi í nokkur ár, tók brátt að bera á því, að fram á sjónarsvið opinberrar starfsemi komu menn, sem kunnu að stjórna almennum fundum. Fyrir þá tíð var það mjög fátítt, að menn kynnu það svo að í nokkurn lagi væri. Guðlaugur heitin Guðmundsson, sem um mörg ár var sýslumaður í Skaftafellssýslu, sagði mér, að þegar hann kom þangað austur, hefði nálega enginn kunnað til almennra fundarstarfa þar um slóðir. Hann stofnaði stúkur víðs vegar í Vestursýslunni, og að tiltölulega stuttum tíma liðnum var orðinn allt annar bragur á öllum fundarhöldum og fundarhegðun manna. Menn störfuðu í hreppsnefndum og sýslunefnd og stjórnðu eins og best varð á kosið og samkvæmt fyllstu

kröfum. Það var orðin alger bylting á þessu sviði. Og leyndardómurinn lá í því, að mennirnir höfðu lært störfun í reglunni.

Undir öllum venjulegum kringumstæðum ræður afl atkvæða í afgreiðslu mála og á þann hátt er það meirihlutinn, sem stjórnar og er það algerlega í samræmi við grundvallarskoðun lýðræðisins.

Ein mikilsverð hlið á þessu máli er afstaða minnihlutans. Hann verður að læra að beygja sig undir valdsrétt meirihlutans, en hann hefur ævinlega aðstöðu til þess að telja mönnum trú um og sannfæra menn um skilning sinn á málefnum og á því oft og tíðum von á, þó síðar verði, að komast í meirihluta með skoðun sína, reynist hún heppilegri. Hann þarf því að beita þrautseigju og þolinmæði við starf sitt og gæta þess enn fremur, að beita meiri hlutann ætíð og ævinlega heiðarlegum meðölum í starfsemi sinni.

Reglurnar eru að ýmsu leyti frábrugðnar almennum félögum, því að starfsaðferðir þeirra eru miklu margbrotnari og starfsmenn miklu fleiri. Lög þeirra og stjórnarreglur eru því að miklum mun víðtækari. Sú reglan, sem kunnust er hér á landi, er Góðtemplarareglan og er því hægast að benda á hana í þessu sambandi.

Það er viðurkennt af þeim, sem til þekkja, að fundarsköp Góðtemplara séu með þeim fullkomnustu, sem nú eru notuð. Sá, sem hefur fengið þar nægilega æfingu í að stjórna fundi, er fær um að taka að sér fundarstjórn undir hvers konar kringumstæðum sem er.

Fundarreglur allar eru miklu nákvæmari og víðtækari í Góðtemplarareglunni en í almennum félögum og kröfum um hegðun manna nákvæmari og ákveðnari. Allt þetta hefur í sér fólgná mikla uppeldismöguleika, sem eigi eru til á almennum vettvangi.

Nefndastörf og nefndaskipan er þar mjög haganlega sett í kerfi og veitir mönnum mikla og margvíslega starfsæfingu. Má í því sambandi benda á þá staðreynd, að Alþingi hefur tekið þetta nefndakerfi frá reglunni. Stórstúka Íslands hefur notað það frá upphafi vega. Er þar öllum flokkum mála, sem fyrir kunna að koma, skipt í milli ákveðinna fastra nefnda, sem taka þau til meðferðar. Með þessu fyrirkomulagi mætti afgreiða öll mál með miklu meiri hraða, en með gamla laginu, þegar í hvert mál var sett sérstök nefnd. Alþingi hefði getað notfært sér þetta fyrirkomulag miklu betur en það hefur gert enn sem komið er og stytt þingtímamann að miklum mun.

Þá er eitt mikilvægt atriði í fyrirkomulagi reglunnar, sem almenn félög hafa eigi, en það er dómstólafyrirkomulag hennar og réttarfar, sem út af fyrir sig er mjög markvert og lærdómsríkt. Er það að sumu leyti líkt dómstólafyrirkomulagi stórbjóðanna, t. d. kviðdómafyrirkomulaginu, en er þó að sumu leyti frábrugðið, sem er eðlileg afleiðing af öðru fyrirkomulagi reglunnar. Þessi hlið félagsins veitir félögunum mjög mikla æfingu í rannsókn mála, rekstri mála, sókn og vörn, búa mál undir úrskurði og fella úrskurði og dóma.

Öll meiri háttar félög mynda með sér allsherjarsamband eða landssamband og er það gert með því að deildir þeirra kjósa sér fulltrúa og mynda sambandið á þann hátt. Er þetta gert eftir ákveðnum reglum, sem lög hlutaðeigandi sambands ákveða. Fulltrúarnir mæta svo á þingum, sem haldin eru venjulega einu sinni á ári, og kjósa þá stjórn sambandsins og samþykkja fjárlög þess o. fl. Stjórnin skiptir með sér verkum, en í sumum samböndum kýs þingið í hvert stjórnarsæti út af fyrir sig. Í Góðtemplarareglunni fer þetta eftir mjög

nákvæmum reglum. En hún er einnig alþjóðasamband og því kys hvert landssamband eða Stórstúka fulltrúa, til þess að mæta á alþjóðþingi og kjósa alþjóðastjórn. Hver stúka er meðlimur í stórstúkunni og hver stórstúka meðlimur í alþjóðastúkunni.

Þegar nýr stórtemplar er kosinn og hefur tekið við embætti, er útrunninn starfstími allra umboðsmanna hins fráfarandi og hann skipar sér nýja umboðsmenn. Þetta er í líkingu við það, að þegar nýr forseti er kosinn í Bandaríkjunum, þá er fjöldi embættismanna, sem fara frá, sem voru embættismenn fyrrverandi forseta, og nýir menn skipaðir í þeirra stað.

Ég hef nú bent á nokkur atriði, er sýna starfsaðferðir félaga og félagasambanda, sem eru innan vébanda hvers þjóðfélags. Öll þessi starfsemi beinist að því, að ala upp nytsama og færa borgara, sem hafa fengið meiri og minni þjóðfélagslega menntun og verða hæfari til þess að vera þátttakendur í meðferð opinberra mála.

Ég hef einnig reynt að lýsa því, sem ég nefni forskóla lýðræðisins. Ef menn athuga þetta nákvæmlega, þá mun þeir komast að raun um, að þeir eru bráðnauðsynleg undirbygging lýðræðisþjóðfélagsins, enda er það segin saga, að einræðisherrarnir hefja fyrst baráttu sína gegn þessari starfsemi og banna hana með öllu. Hún miðar að því að ala upp ákveðna og sjálfstæða hugsandi menn.

Heimilið er endurspeglun þjóðfélagsins. Er það minnsta ríkið, sem enn hefur verið myndað. Félögin eru stærri eftirmynd þess. Það mætti segja, að þegar maðurinn hefur í sambandi við heimilið gengið í gegnum skóla ungdómsáranna og hinna venjulegu námsára, þá hefji hann nám í hærri skóla, skóla félaganna, og þar á hann kost á að ljúka námi í meðferð opinberra mála. Þá hefst í raun réttir langt nám. Þá byrjar nemandinn að vinna að því að skapa fullkomið þjóðfélag, sem er verkefni mannkyns. Og öll barátta þess beinist að því marki.

En sé skoðanafrelsið takmarkað, heimilið sett í fjötra alls konar takmarkana, mönnum meinað að láta skoðanir sínar í ljós og andmæla skoðunum og staðhæfingum annarra, félögin leyst upp með lagafyrirmælum og bönnuð, eins og gert er með einræðisþjóðunum, er girt fyrir alla þá þróun einstaklinganna, sem veigamest er og þýðingarmest og loku skotið fyrir frekari vöxt þeirra, bæði andlega og efnalega.

JÓN ÁRNASON prentari.